

## **Breyting á aðalskipulagi Blönduósbæjar 2010-2030**

Vegna legu Þverárfjallsvegar, nýrra efnistökusvæða og Sorpförgunarsvæðis.

### **Greinargerð**

Tillaga

---

**22.06.2020**

**Br. 14.09.2020**



LANDMÓTUN.

## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit .....	2
1 Inngangur .....	5
2 Fyrirliggjandi stefna og aðrar áætlanir.....	5
2.1 Aðalskipulag Blönduósbæjar 2010-2030 .....	5
2.2 Landsskipulagsstefna .....	5
2.3 Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs og svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi 2015-2026.....	6
3 Staðhættir og umhverfisaðstæður.....	6
3.1 Vistgerðir og fuglar.....	6
3.2 Vindafar.....	9
3.3 Minjar .....	9
3.4 Vatn og jarðvegur.....	9
4 Efni og umfang skipulagsbreytingar.....	10
4.1 Breytt veglína .....	10
4.2 Stækkun sorpförgunarsvæðis og aukning á árlegu magni til urðunar, landmótun og rekstur brennsluofns í Stekkjavík. ....	11
4.3 Efnistökusvæði .....	12
4.3.1 Ný efnistökusvæði vegna vegagerðar .....	13
4.3.2 Nýtt efnistökusvæði vegna efnisvinnslu á Sölvabakka.....	13
5 Breyting á aðalskipulagi .....	14
5.1 Breyting gerð á efnistökusvæðum .....	14
5.2 Breyting gerð á sorpförgunarsvæði .....	15
5.3 Breyting á uppdrætti.....	15
6 Umhverfisskýrsla.....	16
6.1 Umhverfisþættir og viðmið.....	16
6.2 Öflun upplýsinga og aðferðarfræði.....	18
6.3 Umhverfismat .....	18
Breyting á veglínu Þverárfjallsvegur 73.....	18
Stækkun sorpförgunarsvæðis Stekkjavík og brennsluofn .....	19
Efnistaka.....	19
6.4 Niðurstaða umhverfismats .....	20
Heimildaskrá .....	21

## **Myndaskrá:**

Mynd 1. Hluti gildandi aðalskipulags Blönduósþéjar 2010-2030. ....	3
Mynd 2. Íbúapróun í sveitarfélaginu Blönduósþé. ....	6
Mynd 3. Vindrós Stekkjavík 1995-2008. ....	8
Mynd 4. Yfirlitskort sem sýnir veglínu Þverárfjallsvegjar 73, aðalskipulagsbreytingin veglínunnar er mörkuð rauðum hring. Fyrirhugað staðsetning nýrra efnistökusvæða merkt A, B og C og núverandi efnistökusvæði D. Mynd: Vegagerðin. ....	10
Mynd 5. Afmörkun á svæði sem fyrirhugað er fyrir landmótun auk nýrra lóðarmarkja. Mynd: Efla. Vindrós sýnir ríkjandi vindáttir á svæðinu (Veðurstofa Íslands). ....	12
Mynd 6. Loftmynd sem sýnir staðsetningu fyrirhugaðs nýs efnistökusvæðis í landi Sölvabakka. ....	13
Tafla 1. Skilgreining efnistökusvæða vegna vegagerðar. ....	13
Tafla 2. Efnistökusvæði í Blönduósþé eftir breytingu. ....	14
Tafla 3. Sorpförgunarsvæðið á Sölvabakka eftir breytingu. ....	15
Tafla 4. Umhverfisviðmið sem höfð verða til hliðsjónar við gerð umhverfisskýrslu. ....	17
Tafla 5. Skilgreining á vægi áhrifa við umhverfismat aðalskipulagsins. ....	17
Tafla 6. Umhverfismat breyttrar veglínu Þverárfjallsvegjar 73. ....	18
Tafla 7. Umhverfismat stækkunar sorpförgunarsvæðis Stekkjavík og brennsluofn. ....	19
Tafla 8. Umhverfismat efnistökusvæða. ....	20



Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn þann \_\_\_\_\_ 20\_\_

\_\_\_\_\_

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann \_\_\_\_\_ 20\_\_.

\_\_\_\_\_

Auglýsing um gildistöku aðalskipulagsbreytingar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_ 20\_\_.

Greinargerð þessari fylgir uppdráttur dagsettur 22.06.2020. br. 14.09.2020.

Forsíðumynd: Landmótun.

# 1 Inngangur

Sveitarfélagið Blönduósbær hefur ákveðið að gera breytingu á Aðalskipulagi Blönduóbæjar 2010-2030 og er breytingin fjórþætt:

- Breyting er gerð á legu Þverárfjallsvegur nr. 73. norðaustur af Blönduósi, vegna breytinga sem urðu á legu vegarins í hönnunarferli með tilliti til votlendis. Breytingin nær yfir um 2 km vegkafla.
- Fjögur ný efnistökusvæði eru skilgreind þar af þrjú vegna vegagerðarinnar og eitt vegna efnisvinnslu á Sölvabakka.
- Stækkun sorpförgunarsvæðis Ú1 og aukning á árlegu magni til urðunar, landmótun og rekstur brennsluofns í Stekkjavík. Breyta þarf skilmálum sorpförgunarsvæðisins og einnig verður skoðað hvort talin sé þörf á að breyta skilmálum fyrir efnistökusvæði E4 m.t.t. samlegðaráhrifa vegna urðunar.
- Breyting á legu reiðleiðar innan þéttbýlisins á Blönduósi.

# 2 Fyrirliggjandi stefna og aðrar áætlanir

## 2.1 Aðalskipulag Blönduóbæjar 2010-2030

Aðalskipulag Blönduóbæjar 2010-2030 var staðfest 25. maí 2012. Samkvæmt skipulaginu eru svæðin sem breytingarnar ná til skilgreind sem landbúnaðarsvæði og óbyggt svæði. Megin markmið aðalskipulagsins er að skapa rými til eflingar atvinnulífs og skilgreina svæði fyrir nýjar atvinnugreinar. Í skipulaginu er m.a. lögð áhersla á að unnið verði að úrbótum í samgöngumálum og að varðveisla á náttúru- og menningarminjum verði tryggð. Í aðalskipulaginu er lögð áhersla á skipulega nýtingu efnistökuastaða og snyrtilegan frágang þeirra þegar efnistöku lýkur.

## 2.2 Landsskipulagsstefna

Í gildi er Landsskipulagsstefna 2015-2026 sem samþykkt var á Alþingi 16. mars 2016 en þar er m.a. stefna um skipulag í dreifbýli.

Í kafla 2.2 Umhverfis- og menningargæði segir í lið 2.2.2 Náttúra, menningararfur og heilnæmt umhverfi segir:

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði leitast við að varðveita náttúru- og menningargæði sem hafa staðbundið, eða víðtækara, gildi út frá sögu, náttúruferi eða menningu. Það getur m.a. falist í stefnu um vistheimt og verndun og eflingu gróðurs og jarðvegs. Jafnframt verði gætt að álagi á vatn og vatnsvernd. Landslagsgreining og vistgerðaflokkun ásamt áætlunum um uppgræðslu lands og vatnaáætlun verði lagðar til grundvallar skipulagsákvörðunum.



Mynd 1. Hluti gildandi aðalskipulags Blönduóbæjar 2010-2030.


## 2.3 Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs og svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi 2015-2026.

Í lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs var í fyrsta sinn kveðið á um að Umhverfisstofnun skyldi gefa út almenna áætlun til minnst 12 ára í senn um meðhöndlun úrgangs sem gilda skyldi fyrir landið allt. Áætlunin skyldi hafa það markmið að draga markvisst úr myndun úrgangs, auka endurnotkun og endurnýtingu og minnka hlutfall úrgangs sem fer til förgunar. Jafnframt átti landsáætlun að vera sveitarfélögum til leiðbeiningar varðandi svæðisbundnar áætlanir sem sveitarstjórnir skyldu semja og staðfesta. Í áætlunum sveitarstjórnanna skyldi gerð grein fyrir því hvernig viðkomandi sveitarstjórn hygðist ná markmiðum landsáætlunarinnar.

## 3 Staðhættir og umhverfisaðstæður

Sveitarfélagið Blönduósbær er við austanverðan Húnafjörð og innan þess er einn þéttbýlisstaður, Blönduós. Nokkrar breytingar hafa orðið á atvinnuháttum í sveitarfélaginu á undanförunum árum og íbúapróun hefur verið nokkuð sveiflukennd en íbúum hefur farið fjölgandi undanfarin 3 ár.

Landbúnaður hefur dregist saman í sveitarfélaginu líkt og víða um land og aðrar atvinnugreinar komið í staðinn, svo sem gagnaver og þjónusta við ferðamenn, en þar eru greiðar og öruggar samgöngur mikilvægar.



Mynd 2. Íbúapróun í sveitarfélaginu Blönduósbær.

### 3.1 Vistgerðir og fuglar

Samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands eru innan nýrrar veglínu Þverárfjallsvegur m.a. vistgerðin fjalldrapamóavist en innan hennar getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar þúfutittlingur, hrossagaukur, spói, heiðlóa. lóupræll og rjúpa. En lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands. Hluti af veglínunni eins og hún er sýnd í gildandi aðalskipulagi fer í gegnum votlendi.

Innan urðunarsvæðis í Stekkjavík er þéttleiki fugla lítill og fuglalíf hvorki ríkulegt né fjölbreytt. Það svæði sem raskast miðað við þessa breytingu er svæði sambærilegt því sem nýtt hefur verið undir urðun og munu því áhrifin verða svipuð. Gera má þó ráð fyrir að fuglar geti orðið fyrir truflun og jafnvel misst varp- og fæðusvæði sín og þurft að færa sig um set en hafa þar í huga að sambærileg búsvæði er víða að finna í grenndinni. Áhrifin yrðu þó á fáa fugla þar sem þéttleiki fugla er lítill innan breytingarinnar og

áhrif verða tímabundin þar sem svæðið mun líta svipað út og í dag eftir landmótun. Áhrif landmótunar á fuglalíf ættu því að vera óveruleg.

**Mynd 3. Vindrós Stekkjavík 1995-2008.**

**Mynd 4. Yfirlitskort sem sýnir veglínu Þverárfjallsvegjar 73, aðalskipulagsbreytingin veglínunnar er mörkuð rauðum hring. Fyrirhuguð staðsetning nýrra efnistökusvæða merkt A, B og C og núverandi efnistökusvæði D. Mynd: Vegagerðin. Mynd 5. Vindrós Stekkjavík 1995-2008.**

**Mynd 6. Yfirlitskort sem sýnir veglínu Þverárfjallsvegjar 73, aðalskipulagsbreytingin veglínunnar er mörkuð rauðum hring. Fyrirhuguð staðsetning nýrra efnistökusvæða merkt A, B og C og núverandi efnistökusvæði D. Mynd: Vegagerðin.**

**Mynd 7. Afmörkun á svæði sem fyrirhuguð er fyrir landmótun auk nýrra lóðarmarka. Mynd: Efla. Vindrós sýnir ríkjandi vindáttir á svæðinu (Veðurstofa Íslands). Mynd 8. Yfirlitskort sem sýnir veglínu Þverárfjallsvegjar 73, aðalskipulagsbreytingin veglínunnar er mörkuð rauðum hring. Fyrirhuguð staðsetning nýrra efnistökusvæða merkt A, B og C og núverandi efnistökusvæði D. Mynd: Vegagerðin. Mynd 9. Vindrós Stekkjavík 1995-2008.**

**Mynd 10. Yfirlitskort sem sýnir veglínu Þverárfjallsvegjar 73, aðalskipulagsbreytingin veglínunnar er mörkuð rauðum hring. Fyrirhuguð staðsetning nýrra efnistökusvæða merkt A, B og C og núverandi efnistökusvæði D. Mynd: Vegagerðin. Mynd 11. Vindrós Stekkjavík 1995-2008.**

**Mynd 12. Yfirlitskort sem sýnir veglínu Þverárfjallsvegjar 73, aðalskipulagsbreytingin veglínunnar er mörkuð rauðum hring. Fyrirhuguð staðsetning nýrra efnistökusvæða merkt A, B og C og núverandi efnistökusvæði D. Mynd: Vegagerðin.**

**Mynd 13. Afmörkun á svæði sem fyrirhuguð er fyrir landmótun auk nýrra lóðarmarka. Mynd: Efla. Vindrós sýnir ríkjandi vindáttir á svæðinu (Veðurstofa Íslands). Mynd 14. Yfirlitskort sem sýnir veglínu Þverárfjallsvegjar 73, aðalskipulagsbreytingin veglínunnar er mörkuð rauðum hring. Fyrirhuguð staðsetning nýrra efnistökusvæða merkt A, B og C og núverandi efnistökusvæði D. Mynd: Vegagerðin.**

**Mynd 15. Afmörkun á svæði sem fyrirhuguð er fyrir landmótun auk nýrra lóðarmarka. Mynd: Efla. Vindrós sýnir ríkjandi vindáttir á svæðinu (Veðurstofa Íslands).**

**Mynd 16. Loftmynd sem sýnir staðsetningu fyrirhugaðs nýs efnistökusvæðis í landi Sölvabakka. Mynd 17. Afmörkun á svæði sem fyrirhuguð er fyrir landmótun auk nýrra lóðarmarka. Mynd: Efla. Vindrós sýnir ríkjandi vindáttir á svæðinu (Veðurstofa Íslands). Mynd 18. Yfirlitskort sem sýnir veglínu Þverárfjallsvegjar 73, aðalskipulagsbreytingin veglínunnar er mörkuð rauðum hring. Fyrirhuguð staðsetning nýrra efnistökusvæða merkt A, B og C og núverandi efnistökusvæði D. Mynd: Vegagerðin.**



### 3.2 Vindafar

Einn af þeim þáttum sem hefur áhrif á lyktarmengun er vindafar. Á vindrósum frá Stekkjavík fyrir árin 1995-2008 kemur fram að ríkjandi vindáttir í Stekkjavík eru norðan- og norðaustanáttir, suðaustan átt er líka frekar tíð en vestan og austanátt sjaldgæf, sjá mynd 7.

### 3.3 Minjar

Í mati á umhverfisáhrifum vegna lagningu nýs vegar um Refasveit að Ytra-Hóli í Skagabyggð unnu Bryndís Zoega og Guðný Zoega á vegum Byggðasafns Skagfirðinga fornleifaskráningu veglínunnar. Sú breyting sem gerð er á Aðalskipulagi Blönduósbæjar 2010-2030 tekur til um 2 km kafla frá Þjóðvegi 1 í átt að Þverárfjalli og Skagaströnd. Samkvæmt skráningunni er ein fornleif, 1914-60 Bakkagata sem breytingin hefur áhrif á og eru áhrifin þau að veglínan þverar götuna neðar í landinu.


Gerð var vettvangsrannsókn af Fornleifafræðistofunni (2019) í Stekkjavík þar sem voru grafnar prufuholur í hugsanleg garðalög. Niðurstaða rannsóknarinnar var sú að flestar prufuholur benda til mikils áfoks á svæðinu en engar mannvistarleifar né mannvirki. Hins vegar fannst í einni þústinni stök varða sem lá tæpan metra frá Sleipugötu og hefur nær örugglega varðað götuna sem lá frá Sölvabakka að Stekkjarvík. Hinar meintu rústir höfðu á sér yfirbragð mannvirkja, en við rannsókn kom í ljós að svo var ekki, nema varðan við Sleipugötu.

### 3.4 Vatn og jarðvegur

Í frummatsskýrslu fyrir urðunarstaðinn Stekkjavík kemur fram að vöktun undanfarinna ára hefur ekki sýnt breytingar nema rétt í upphafi. Með aukinni urðun gætu náttúruleg efni í jarðveginum farið út í grunnvatn en það væri þó tímabundið og um væga losun væri væntanlega um að ræða. Svæðið er við sjó og ekki er gert ráð fyrir mengun sem ógnaði mönnum eða dýrum.

Brennslustöð fyrir dýrahæ á urðunarstaðnum myndar nokkuð frárennsli sem þarf að hreinsa en á þessu stigi hefur ekki verið ákveðið hvernig hreinsun vatns verður háttað en öllum ákvæðum starfsleyfis og reglugerða þar um verður fylgt. Áhrif vegna aukinnar urðunar í Stekkjarvík, landmótunar og reksturs brennslustöðvar á vatn og jarðveg eru metin óveruleg.

## 4 Efni og umfang skipulagsbreytingar.



Mynd 30. Yfirlitsskort sem sýnir veglínu Þverárfjallsvegur 73, aðalskipulagsbreytingin veglínunnar er mörkuð rauðum hring. Fyrirhuguð staðsetning nýrra efnistökusvæða merkt A, B og C og núverandi efnistökusvæði D. Mynd: Vegagerðin.

Um er að ræða breytingu á legu Þverárfjallsvegi nr. 73. eins og hann er skilgreindur á aðalskipulagsupprætti, vegna lítilsháttar breytinga sem urðu á hönnunarstigi þar sem er verið að sneiða fram hjá votlendi. Breytingin fellur að hluta til innan þéttbýlisuppráttar aðalskipulags Blönduóbæjar. Breyting vegarins fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, viðauka 1, lið 10.09: *Nýir tveggja akreina vegir styttri en 10 km í þéttbýli. Nýir vegir utan þéttbýlis á verndarsvæðum. Enduruppbygging vega utan þéttbýlis á verndarsvæðum, sem fellur í B flokk þar sem tilgreindar eru þær áætlanir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki fyrir sig með tilliti til eðlis, umfangs, og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum.* Framkvæmdarsvæði veglagningarinnar er í nálægð við þéttbýli og því ekki talin ástæða til þess að skilgreina svæði undir starfsmannabúðir. Kanna þarf matskyldu vegna nýrra vega styttri en 10 km innan þéttbýlis (sjá viðauka 1. liður 10.09 og viðauka 2, liður 1. i. *Stærð og umfang framkvæmdar og v. mengun og ónæði*).

### 4.1 Breytt veglína

Sá veglínukostur sem lagður er fram við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda við fyrir nýjan Þverárfjallsveg og Skagastrandarveg var valinn á grundvelli umferðaröryggis- og umhverfissjónarmiða og var skilgreindur í fullu samráði við sveitarstjórnir og landeigendur. Við frumdragahönnun vegarins var leitast við að staðsetja hann utan verndarsvæða og ræktarlands og fella hann vel að landi. Breytingin sem gerð er á gildandi aðalskipulagi miðast að náttúruvernd þar sem veglínan er tekin út fyrir votlendi sem er á svæðinu.

Afla þarf leyfis ráðherra landbúnaðarmála til að breyta landnotkun úr landbúnaði í aðra landnotkun skv. 6. gr. jarðalaga.

#### **4.2 Stækkun sorpförgunarsvæðis og aukning á árlegu magni til urðunar, landmótun og rekstur brennsluofns í Stekkjavík.**

Árlegt magn til urðunar á urðunarstaðnum í Stekkjavík í landi Sölvabakka, Blönduósi er aukið úr 21.000 tonnum af heimilis- og rekstrarúrgangi á ári hverju í 30.000 tonn á ári. Ekki er um að ræða aukningu á heildarmagni urðaðs úrgangs í Stekkjavík, sem eftir sem áður er áætlaður 630.000 tonn í lok rekstrartímans sem áætlaður er 30 ár. Í tillögu að matsáætlun „Urðunarstaðurinn Stekkjavík-Aukin urðun“ sem Efla vann 2019 kemur m.a. fram að almennur úrgangur frá heimilum hafi ekki verið að aukast undanfarið en aukning hafi verið í grófum úrgangi að hluta frá heimilum og að hluta frá ýmsum rekstri eða uppbyggingu. Nokkuð erfitt geti verið að segja til um hver þróunin muni verða en líklega mun magn frá þessu svæði vaxa í nokkur ár en fari svo minnkandi vegna aukinnar flokkunar og kröfu um endurvinnslu. Frummatsskýrsla hefur verið kynnt Skipulagsstofnun. Einnig er áformað að hefja rekstur brennsluofns á svæðinu til förgunar dýrahæja og nýta til þess metangas frá urðunarhólfi.

Gerð er grein fyrir landmótun á uppgraftrarefni vegna undirbúnings urðunarhólfa í matinu og stækkunar á sorpförgunarsvæðinu. Ekki hefur verið hægt að nýta allt uppgraftrarefni og því þarf að fara í aukna landmótun innan svæðisins.

Samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum er aukning um 9.000 tonn á ári matsskyld jafnvel þó heildarmagn urðaðs úrgangs aukist ekki. Því er gert nýtt mat á umhverfisáhrifum, þar sem áhrif aukningarinnar eru metin, auk áhrifa brennsluofns og landmótunar.

Tillaga að matsáætlun aukningar urðunar, reksturs brennsluofns og landmótunar í Stekkjavík hefur þegar verið kynnt og er í ferli og hefur frummatsskýrsla einnig verið kynnt Skipulagsstofnun.

Samhliða breytingu á aðalskipulagi er gerð breyting á deiliskipulagi Sölvabaka- urðun og efnistaka sem samþykkt var í júlí 2015, þar sem deiliskipulagssvæðið er stækkað og gerð er grein fyrir landmótunaráformum, í samræmi við breytingu þessa á aðalskipulagi Blönduóssbæjar.



Mynd 56. Afmörkun á svæði sem fyrirhugað er fyrir landmótun auk nýrra lóðarmarka. Mynd: Efla. Vindrós sýnir ríkjandi vindáttir á svæðinu (Veðurstofa Íslands).

### 4.3 Efnistökusvæði

Aðalskipulagsbreytingin tekur til fjögurra efnistökusvæða og gerð er breyting á kafla 3.16 og 4.2.7 Efnistökusvæði. Í matsáætlun Vegagerðarinnar kemur fram að leitast verði við að nýta opnar námur á svæðinu ef þær uppfylla skilyrði um efnisgæði, til þess að sporna við frekara raski. Þrjár nýjar námur eru skilgreindar vegna kröfu um efnisgæði til vegagerðar og nálægðar við framkvæmdasvæðið og lágmarkun á efnisflutningum.

Vanda skal frágang allra námusvæða að vinnslu lokinni og skulu efnistökusvæði ekki standa ónotuð og ófrágengin lengur en í þrjú ár skv. 4. mgr. 16. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Landslag skal fært aftur til fyrra horfs eða land mótað þannig að efnistökusvæði falli sem best að umhverfinu þegar efnistöku lýkur. Við frágang skal taka mið af leiðbeiningum sem finna má á vefnum [www.namur.is](http://www.namur.is).

Í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, 1. viðauka segir;

2.03 - *Efnistaka og/eða haugsetning á landi eða úr hafsbotni þar sem áætlað er að raska 25.000 m<sup>2</sup> svæði eða stærra eða efnismagn er 50.000 m<sup>3</sup> eða meira. Efnistaka og/eða haugsetning þar sem fleiri en einn efnistökuastaður og/eða haugsetningarstaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir 25.000 m<sup>2</sup>.*

2.04 - *Efnistaka og/eða haugsetning á landi eða úr hafsbotni þar sem áætlað er að raska minna en 25.000 m<sup>2</sup> svæði eða efnismagn er minna en 50.000 m<sup>3</sup>, og skal metið með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum.*

### 4.3.1 Ný efnistökusvæði vegna vegagerðar

Þrjú ný efnistökusvæði er skilgreind á aðalskipulagsuppdætti í tengslum við vegagerð og er skilgreining þeirra eftirfarandi:

Náma	Veglinur og stöðvar	Nýting	Efnismagn þús. m <sup>3</sup>	Flatarmál þús. m <sup>2</sup>	Verndar-gildisflokkur	Staða	Jarðmyndun	Yfirborð	Jörð	Náttúruvernd	Á skipulagi
A Ennisnáma	73 St. 600	Styrktarlag, fylling og fláafleygar	65	26	3	Gömul	Jökuláeyri	Melagróður og grösugt býfi	Enni	Nei	Nei
B Syðri-Króklágar	73 St. 4200	Fylling og fláafleygar	45	19	2	Ný	Þveginn jökulruðningur og jökuláeyri	Gras og melagróður	Bakkakot	Liggur innan fjarsvæðis vatnsverndar	Nei
C Efraleiti	73 St. 4900	Styrktarlag, fylling og fláafleygar	45	13	2	Ný	Þveginn jökulruðningur og jökuláeyri	Rýr melagróður	Sölvabakki	Liggur að hluta innan fjarsvæðis vatnsverndar	Nei

Tafla 1. Skilgreining efnistökusvæða vegna vegagerðar.

Efnistaka sem áætluð er á þessum þremur efnistökusvæðum er meira en 50.000 m<sup>3</sup> og fellur því undir B-flokk skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum.

### 4.3.2 Nýtt efnistökusvæði vegna efnisvinnslu á Sölvabakka

Landeigendur Sölvabakka hafa óskað eftir að nýju efnistökusvæði verði bætt inn á aðalskipulag, suður af núverandi úrgangslausunar- og efnistökusvæði Ú1/E4, en um er að ræða efnisvinnslu til hörpunar og flokkunar. Gert er ráð fyrir 45.000 m<sup>3</sup> efnistöku að hámarki á svæðinu sem er 2,3 ha að stærð. Efnid verður flokkað og selt sem drenmöl, lagnasandur, vegagerðarefni o.fl. Grófleiki efnisins finnst ekki í öðrum námum á svæðinu. Efnistakan fellur í C-flokk laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.



Mynd 76. Loftmynd sem sýnir staðsetningu fyrirhugaðs nýs efnistökusvæðis í landi Sölvabakka.

## 5 Breyting á aðalskipulagi

### 5.1 Breyting gerð á efnistökusvæðum

Gerð er breyting á kafla 3.16 og 4.2.7 Efnistökusvæði þar sem bætt er við þremur efnistökusvæðum á dreifbýlisuppdrátt (E7, E8 og E9) og einu á þéttbýlisuppdrátt (E6) einnig er breytt heiti á námu E4 úr Sölvabakki í Stekkjavík.

Nr.	Heiti	Lýsing	Staða/magn	Jörð
E1	Blönduós við Kleifarhorn	Malarnáma		Hnjúkar
E2	Breiðavað	Malarnáma og leir		Breiðavað
E3	Neðri Lækjardalur	Malarnáma		Lækjardalur
E4	Stekkjavík	Malarnáma, úr jarðefnum sem koma úr myndun hólfa fyrir sorpurðun	600.000 m <sup>3</sup>	Sölvabakki
E5	Neðri Mýrar	Malarnáma		Neðri Mýrar
E6	Ennisnáma	Jökuláreyri. Melagróður og grösugt þýfi.	Gömul náma, Stærð 26.000 m <sup>2</sup> , Efnismagn 65.000 m <sup>3</sup>	Enni
E7	Syðri-Króklágar	Þveginn jökulruðningur og jökuláreyri.	Ný náma, Stærð 19.000 m <sup>2</sup> , Efnismagn 45.000 m <sup>3</sup>	Syðri-Krókalágar
E8	Efraleiti	Þveginn jökulruðningur og jökuláreyri.	Ný náma, Stærð 13.000 m <sup>2</sup> , Efnismagn 45.000 m <sup>3</sup>	Efraleiti
E9	Sölvabakki	Efnisvinnslu til hörpunar og flokkunar.	Gert er ráð fyrir 45.000 m <sup>3</sup> efnistöku að hámarki á svæðinu sem er 2,3 ha að stærð. Efnið verður flokkað og selt sem drenmöl, lagnasandur, vegagerðarefni o.fl.	Sölvabakki

Tafla 2. Efnistökusvæði í Blönduósbæ eftir breytingu.

## 5.2 Breyting gerð á sorpförgunarsvæði

Gerð er breyting á kafla 3.17. Sorpförgunarsvæði í gildandi aðalskipulagi Blönduóssbæjar 2010-2030 þar sem árlegt magn til urðunar er aukið úr 21.000 tonnum af heimilis- og rekstrarúrgangi í 30.000 tonn einnig er breytt heiti á svæði Ú1 úr Sölvabakki í Refasveit í Stekkjavík.

Nr.	Heiti	Lýsing	Jörð
Ú1	Stekkjavík	Norðurá bs er sorpsamlag 7 sveitarfélaga, Akrahrepps, Blönduósbæjar, Húnavatns-hrepps, Skagabyggðar, Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Sveitarfélagsins Skagastrandar. Stefnt er að því að rekstur urðunarstaðarins verði til fyrirmyndar hvort sem varðar flokkun úrgangs, endurnýtingu eða endurvinnslu. Reglugerðir nr. 738/2003 Og 737/2003 munu verða hafðar að leiðarljósi við hönnun og starfsemi urðunarstaðarins. Magn urðunar er 30.000 tonn á ári. Heildarmagni urðaðs úrgangs í Stekkjarvík er áætlaður 630.000 tonn í lok rekstartímans.	Sölvabakki

Tafla 3. Sorpförgunarsvæðið á Sölvabakka eftir breytingu.

## 5.3 Breyting á uppdrætti

Gerð er breyting á legu reiðleiðar innan þéttbýlisins á Blönduósi. Reiðleiðin eins og hún er skilgreind í dag liggur þvert yfir efnistökusvæði E6 og er hún færð til austurs. Leiðin liggur um lítt gróinn mel í jaðri þéttbýlisins. Áhrif tilfærslunnar á alla umhverfispætti óveruleg.

## 6 Umhverfisskýrsla

Við mat á umhverfisáhrifum áætlunarinnar verður gerður samanburður við núllkost, þ.e.

- Breyting á veglínu Þverárfjallsveggar 73.
- Stækkun sorpförgunarsvæðis og brennsluofn.
- Efnistökusvæði.

Í tillögu að matsáætlun fyrir mat á umhverfisáhrifum Þverárfjallsveggar (73) í Refasveit og Skagastrandarvegi (74) um Laxá í Blönduósbæ og Skagabyggð, voru skoðaðir nokkrir kostir m.a. að nýta núverandi veglínu Neðribyggðarveggar. Endurbygging núverandi Skagastrandarveggar í Refasveit krefst mikilla inngripa í landslagið með miklum skeringum og fyllingum og þar með sjónrænum áhrifum. Sú leið er ekki raunhæfur kostur og því ekki metin.

### 6.1 Umhverfisþættir og viðmið

Eftirfarandi umhverfisþættir eru taldir geta orðið fyrir áhrifum af völdum færslu veglínunnar:

- Samfélag (atvinnulíf, samgöngur, heilsa, öryggi og ferðamennska (slysaþætta)
- Menningarminjar (fornleifar og náttúruminjar)
- Dýralíf
- Landslag (sjónræn áhrif)
- Gróður, jarðvegur og vatn
- Jarðmyndanir
- Loft

Fjallað er um hugsanleg áhrif breytingarinnar á þessa umhverfisþætti. Val á umhverfisþáttum byggist á mati á umhverfisáhrifum skipulagsbreytingarinnar og á frekari greiningu á því hvaða þættir umhverfisins geta orðið fyrir áhrifum vegna aðalskipulagsbreytingarinnar. Ef umhverfisáhrif á einhvern umhverfisþátt eru talin veruleg eru mögulegar mótvægisáðgerðir og/eða vöktun lagðar til.

Forsendur við mat á umhverfisáhrifum byggja á þremur meginþáttum:

- Viðmið í lögum og reglugerðum, stefnumótun stjórnvalda og skuldbindingar á alþjóðavísu.
- Greining sérfræðinga á einkennum áhrifa á einstaka umhverfisþætti.
- Umsagnir og athugasemdir lögboðinna umsagnaraðila, hagsmunaaðila og almennings, sem kunna að liggja fyrir, sbr. kafla um kynningu og samráð.

Við mat á vægi áhrifa á einstaka umhverfisþætti er stuðst við tiltekin viðmið s.s. stefnumörkun stjórnvalda, alþjóðasamninga, lög og reglugerðir. Í töflu 1. eru tekin saman þau umhverfisviðmið sem lögð eru til grundvallar umhverfismati á aðalskipulagsbreytingunni. Umhverfisviðmið eru notuð sem mælikvarði eða vísir til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem skipulagstillagan hefur í för með sér.





Umhverfisþættir	Umhverfisviðmið
Fornleifar og menningarminjar	Fornminjar (forngrípir og fornminjar), skv. 3. gr laga um menningarminjar nr. 80/2012. Fornleifar teljast hvers kyns mannvisitarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri. Skv. 1. gr sömu laga, sem ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu, teljast menningarminjar ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugrípir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lög in ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu.
Dýralíf	Válisti Náttúrufræðistofnunar Íslands um fugla og spendýr. 6 gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd.
Gróður, jarðvegur og vatn.	Válisti Náttúrufræðistofnunar Íslands fyrir plöntur. Listi yfir friðlýstar plöntur skv. auglýsingu um friðlýsingu nokkurra plöntutegunda, Stj.tíð. B, nr. 184/1978. Lög um náttúruvernd nr. 60/2013 Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020- II. Kafa nr. 7-9 og Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Áherslur 2010-2013- sjá kafla 12 um sjálfbæra gróðurnýtingu og endurheimt landgæða. Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Sjá 1 gr. Reglugerð nr. 73/2003 um urðun úrgangs.
Jarðmyndanir	3 gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd (verndun jarðmyndana sem eru sérstakar eða einstakar á lands- eða heimsvísu). Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, stefnumörkun til 2020. Sjá kafla um vernd sérstæðra jarðmyndana. Markmið er að fjölbreytni jarðmyndana verði varðveitt með því að vernda þær sem eru sérstakar eða einstakar á landsvísu.
Samfélag	Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020. Sjá kafla um atvinnuvegi og samfélagsþætti, samgöngur.
Landslag og sjónræn áhrif	Sérstaða/fágæti landslags út frá vísbendingum í 57. gr. laga um náttúruvernd, og 3. gr sömu laga um að varðveita landslag sem er sérstætt eða fágætt eða sérlega verðmætt vegna fagurfræðilegs og/eða menningarlegs gildis. Verndargildi skv. náttúruminjasrá. Megineinkenni landslags, s.s. ósnortið/náttúrulegt yfirbragð landslags, form, litauðgi, fjölbreytni og heildstæði landslags. Langtímaáætlun Vegagerðarinnar um námufrágang 2004-2018.
Loft	Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Sjá 1. gr. Reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði. Sjá 1. gr

Tafla 4. Umhverfisviðmið sem höfð verða til hliðsjónar við gerð umhverfisskýrslu.

Við matið er notast við eftirfarandi skilgreiningar á vægi áhrifa:

Vægi áhrifa	Skýring
Jákvæð	+ Jákvæð áhrif á umhverfisþátt.
Óveruleg	0 Óveruleg áhrif á umhverfisþátt.
Neikvæð	- Neikvæð áhrif á umhverfisþátt.

Tafla 5. Skilgreining á vægi áhrifa við umhverfismat aðalskipulagsins.

## 6.2 Öflun upplýsinga og aðferðarfræði

Við mat á umhverfisáhrifum er unnið eftir lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og stuðst við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar, annars vegar um umhverfismat áætlana og hins vegar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Matið er sett fram í formi texta og töflu. Stuðst er við fyrirliggjandi upplýsingar um framkvæmdina þ.e. gögn frá Vegagerðinni.

## 6.3 Umhverfismat

Breyting á veglínu Þverárfjallsvegur 73		
Umhverfisþættir	Valkostir	
	Breyting – Ný veglína	Núllkostur – óbreytt lega vegar
Fornleifar og menningarminjar	0 Samkvæmt fornleifaskráningu er ein fornleif, 1914-60 Bakkagata, sem breytingin hefur áhrif á og eru áhrifin þau að veglínan þverar götuna neðar í landinu.	0
Dýralíf	+	- Óbreytt veglína þverar votlendi og hefur því neikvæð áhrif á fuglalíf.
Gróður, jarðvegur og vatn	-/0	0
Jarðmyndanir	0	0
Samfélag	0	0
Landslag og sjónræn áhrif	0	0
Loft	0	0

Tafla 6. Umhverfismat breyttrar veglínu Þverárfjallsvegur 73.

Stækkun sorpförgunarsvæðis Stekkjavík og brennsluofn		
Umhverfisþættir	Valkostir	
	Breyting –	Núllkostur – óbreytt
Fornleifar og menningarminjar	0	0
Dýralíf	0 Áhrif breytingar á fuglalíf óveruleg þar sem þéttni fugla er lítil og áhrif á varp- og fæðusvæði tímabundin.	0
Gróður, jarðvegur og vatn.	0 Áhrif vegna aukinnar urðunar í Stekkjavík, landmótunar og reksturs brennslustöðvar á vatn og jarðveg eru metin óveruleg.	0
Jarðmyndanir	-/0	0
Samfélag	0	0
Landslag og sjónræn áhrif	-/0 Þar sem ekki er um heildaraukningu á sorpmagni að ræða mun breytingin hafa óveruleg áhrif á landslag og ásýnd svæðisins.	0
Loft	0 Í starfsleyfi sorpförgunarsvæðisins eru skilmálar varðandi mengunarvarnir. Ef til einhverra loft eða lyktarmengunar kemur til þá eru ríkjandi vindáttir af landi, sjá mynd 5.	0

Tafla 7. Umhverfismat stækkunar sorpförgunarsvæðis Stekkjavík og brennsluofn.

Efnistaka		
Umhverfisþættir	Valkostir	
	Breyting –	Núllkostur – óbreytt
Fornleifar og menningarminjar	0	0
Dýralíf	0	0
Gróður, jarðvegur og vatn.	- Syðri -Króklágar og Efra-Leiti liggja að hluta til innan fjarsvæðis vatnsverndar	0

Jarðmyndanir	-/0 Efnistakan raskar jarðmyndum en engum sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum.	0
Samfélag	+ Efnistakan er jákvæð fyrir samfélag í þar sem efni er sótt innan sveitar sem dregur úr flutningum og hefur þá um leið jákvæð áhrif í efnahagslegu tilliti.	0
Landslag og sjónræn áhrif	-/0 Allt raks getur haft neikvæð sjónræn áhrif og því áriðandi að vel sé gengið frá svæðunum eftir að efnistöku líkur.	0
Loft	+ Þegar efni er flutt um stuttan veg hefur það síður neikvæð áhrif á loftgæði.	0

Tafla 8. Umhverfismat efnistökusvæða.

#### 6.4 Niðurstaða umhverfismats

Niðurstaða umhverfismatsins er að breytt veglína Þverárfjallsveggar 73 hafi óveruleg áhrif á fornleifar og menningarminjar, gróður, jarðveg og vatn, samfélag, jarðmyndanir, landslag og sjónræn áhrif og á loft. Breytingin hefur jákvæð áhrif á dýralíf. Breytingin hefur það markmið að halda votlendissvæðum öröskuðum sem hefur jákvæð áhrif á dýralíf.

Núll kostur hefur neikvæð áhrif á umhverfisþáttinn dýralíf þar sem veglínan fer þvert í gegnum votlendissvæði en óveruleg áhrif á alla aðra þætti.

Stækkun sorpfögunarsvæðis Stekkjavík og brennsluofn hefur óverleg áhrif á alla umhverfisþætti sem metnir voru.

Mat á nýjum efnistökusvæðum sýnir neikvæð áhrif á gróður, jarðveg og vatn þar sem tvö þeirra liggja innan fjarsvæðis vatnsverndar. Tveir umhverfisþættir voru jákvæðir þ.e. samfélag og loft þar sem flutningur á efni er lágmarkaður og í hagrænu tilliti er efnahagslegur ávinningur landeigenda af sölu á efni.

## Heimildaskrá

1. Aðalskipulag Blönduósbæjar 2010-2030.
2. Efla Urðunarstaðurinn Stekkjarvík – Aukin urðun, landmótun og rekstur brennsluofns. Frummatsskýrsla 14.05.2020.
3. Fornleifafræðistofan, Viktoría Halldórsdóttir og Bjarni F. Einarsson 2019. Stekkjavík, Framkvæmdarrannsókn sunnan við Stekkjavík í landi Sölvabakka í Blönduósbæ.
4. Lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.
5. Lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.
6. Lög nr. 80/2012 um menningarminjar.
7. Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd.
8. Lög nr. 64/1994 um vernd friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum.
9. Mat á umhverfisáhrifum. Tillaga að matsáætlun. Þverárfjallsvegur (73) í Refasveit og Skagastrandarvegur (74) um Laxá í Blönduósbæ og Skagabyggð, ágúst 2018.
10. Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. Válisti 1. Plöntur. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík.
11. Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. Válisti 1. Plöntur. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík.
12. Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. Válisti 2. Fuglar. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík.
13. Náttúruminjaskrá. <https://www.ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/>
14. Skipulagslög nr. 123/2010.
15. Skipulagsstofnun 2005. Leiðbeiningar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa.
16. Skipulagsstofnun 2007. Leiðbeiningar um umhverfismat áætlana.
17. Umhverfisstofnun. 2019. <https://www.ust.is/nattura/fridlysingar/fridlysingar-i-vinnslu/latrabjarg/>
18. Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020, 2002. Umhverfisráðuneytið.